

Fundur í stjórn Prentsöguseturs 9. apríl 2016

Mættir: Haukur Már Haraldsson, Þórleifur V. Friðriksson, Svanur Jóhannesson, Heimir Br. Jóhannsson, Bjargey G. Gísladóttir, Baldvin Heimisson og Þóra Elfa Björnsson. Fundurinn var haldinn í prentsmiðjunni Guðjónó.

- 1) Formaður setti fundinn. Hann bauð velkomna nýja varamenn í stjórn þau Bjargeyju og Baldvin. Hann stakk upp á verkaskipting yrði sú sama og fyrr eða Svanur gjaldkeri, Þóra Elfa ritari, Þórleifur og Heimir meðstjórnendur. Samþykkt.
- 2) Húsnæðismálin. Stjórn er að horfa til fleiri staða en Eyrarbakka og er Hella aðeins í sjónmáli og húsnæði þar verður skoðað á næstunni. Svanur sagði mörg félagsheimili austanfjalls standa auð. Heimir stakk upp á að auglýst yrði eftir húsnæði undir setrið. Nokkrar umræður urðu um þennan lið en engin ný ákvörðun tekin.

Ritari: Þóra Elfa Björnsson